

Stjörnuegg hf. - alifuglabú
Vallá
116 Kjalarnes

Reykjavík, 1.11.2023
UST202302-156/K.K.
08.12.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 13. september 2023 – Stjörnuegg Vallá

Þann 13. september 2023 fór fram eftirlit í Stjörnuegg að Vallá. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Eitt eldra frávik er opið frá árinu 2018 er varðar fjölda fugla og að rekstraraðili þurfi að sækja um nýtt starfsleyfi. Umsókn um nýtt starfsleyfi barst stofnuninni 5. október 2023 og telst **frávikinu því lokið**.

Tvær ábendingar eru opnar frá fyrra eftirliti er varða geymslu á áburði yfir vetrarmánuðina og að tryggja þurfi að áburði sé ekki dreift á vatnsverndarsvæði og önnur viðkvæm svæði.

Þrjár ábendingar voru settar fram í eftirlitinu er varða:

1. Fjöldi fugla á búinu er ekki í samræmi við skipulag
2. Upplýsa þarf viðtakendur áburðar um að fara skuli eftir góðum búskaparháttum við geymslu og dreifingu áburðar.
3. Bent var á að hægt er að bæta árekstrarvarnir kringum olúgeymirinn á svæðinu.

Fjögur frávik komu fram er varða:

1. Gr. 11 í reglugerð nr. 851/2002 um skil á grænu bókhaldi. Grænt bókhald barst, fyrir árið 2021, ekki fyrir 1. maí 2022. Grænt bókhald barst Umhverfisstofnun 3. júní 2022. **Frávik lokið.**
2. Gr. 11 í reglugerð nr. 851/2002 um skil á grænu bókhaldi. Grænt bókhald barst, fyrir árið 2022, ekki fyrir 1. maí 2023. Grænt bókhald barst Umhverfisstofnun 8. júní 2023. **Frávik lokið.**
3. Gr. 2 í reglugerð 990/2008 um skil á útstreymisbókhaldi. Útstreymisbókhald fyrir árið 2021 barst ekki fyrir 1. maí 2022. Útstreymisbókhald barst Umhverfisstofnun 11. maí 2022. **Frávik lokið.**

4. Gr. 2 í reglugerð 990/2008 um skil á ústreymisbókhalði. Ústreymisbókhalð fyrir árið 2022 barst ekki fyrir 1. maí 2023. Ústreymisbókhalð barst Umhverfisstofnun 16. maí 2023. **Fráviki lokið.**

Virðingarfyllst

Kristín Kröyer
Sérfræðingur

Freyr Ævarsson
Sérfræðingur